



LANDSSAMTÖK
SKÓGAREIGENDA

UMHVERFISMAT LANDSÁÆTLANA Í SKÓGRÆKT

Stjórn Landssamtaka skógareigenda (LSE) þakkar fyrir annað tækifæri til að veita umsögn um Umhverfismat landsáætlunar í skógrækt. Skýrslan er vel unnin og kjarngóð. Vert er að þakka nefndinni fyrir góð störf við skýrsluskrifin þó svo að sum mál virðist óútkljáð.

1. Fyrri umsögn LSE í Samráðsgátt

Í undanfara Landsáætlunar í skógrækt skilaði LSE umsögn sem var dagsett 31. janúar 2020. **Sú umsögn á enn við** og verður er hún því lögð fram öðru sinni. Vert er þó að árétta umfjöllunina um birkið. Í stuttu máli þykir stjórn LSE ótækt að leggja svo mikla áherslu á endurheimt birkikjarrs eins og tillögur eru uppi um. Þetta er óréttlátt gagnvart framtíðar þegnum Íslands að mest allt skógræktarstarf á þjóðlendum sé unnið undir formerkjum endurheimt birkikjarrs, fremur en að rækta skógarauðlind til nytja. Óþarfi er að fjölyrða frekar um birkirækt enda kom afstaða stjórnar LSE skýrt fram í fyrri umsögn. Í fyrri umsögn var einnig farið yfir; notadrjúgar tegundir, skógrækt nærri vatni, hæðamörk skógræktar, loftslagsmál og umhverfismat framkvæmda. Að því sögðu hvetur stjórn LSE til þess að drög minnihluta verði virt að vettugi.

2. Samsetning verkefnisstjórnar

Eignahald á landi Íslands er um helmingaskipt í eigu þjóðar og bænda. Mögulega hefði verið hægt að ná breiðari samstöðu með aðkomu fulltrúa landbúnaðarins í nefndina.

3. Sjálfbærni

Því ber að fagna að alþjóðleg viðmið Sameinuðu þjóðanna séu notuð sem leiðarljós við skýrsluna. Heimsmarkmiðum eru gerð ágæt skil og leggja mætti enn frekari áherslu á sjálfbærni. Skógrækt ýtir undir atvinnu í dreifðum byggðum landsins og aukinn þungi er á náttúrulegt byggingarefni í hnattrænu samhengi og kemur það til með að vera þannig á Íslandi einnig. Það er þjóðinni mikilvægt að vera sjálfri sér næg um timbur og lýtur það að efnahagslegu, félagslegu og síðast en ekki síst umhverfislegu öryggi. Annar landbúnaður nýtur einnig góðs af skógi og getur haft jákvæð áhrif á innflutning bæti- og eiturefna með því að draga verulega úr honum. Líf á landi auðgast með tilkomu skógræktar og má þar nefna villt dýr og fugla.

4. Flokkun landbúnaðarlands

Samhliða vinnu við þessi skýrsluskrif undir merkjum umverfisráðherra fór fram áþekkt vinna við flokkun landbúnaðarlands undir merkjum landbúnaðarráðherra. Í báðum tilvikum er að ræða nýtingarmöguleika lands. Þar er fjallað um að skógrækt megi ekki stunda á góðu ræktarlandi. Ef eignaréttur væri virtur ætti skynsamur landeigandi að ráða því sjálfur hvað hann ræktar hverju sinni. Koma má upp skógi við erfiðar aðstæður svo úr verði gjöfult land þegar fram í sækir. Ef skyndileg þörf er á breyttri landnotkun, sem á standa tré, má alltaf fella trén og nýta landið fyrir aðra ræktun, rétt eins og það er hægt að grafa skurði í votlendi og þurrka. Nema ávinningur framræsingar er mun minni og seinvirkari heldur en að nýta land sem áður stóð á skógur. Í stuttu og einföldu máli sagt má segja að ef skógar yxu þar sem nú eru móar og melar væri ofgnótt af góðu ræktarlandi á Íslandi.

5. Framkvæmdaleyfi til skógræktar

Sífelld fleiri landeigendum reynst tímafrekt, flókið og kostnaðarsamt að verða sér úti um framkvæmdaleyfi til skógræktar og sumir hafa einfaldlega ekki fengið slíkt leyfi og hætt við sín áform. Í góðri og réttmætri trú hyggjast landeigendur hefja skógrækt svo þeir geti meðal annars lagt lið í loftslagsbaráttunni. Það er óskiljanlegt af hverju þetta viðgengst. Búið er að friða lönd hist og her um

landið með tilheyrandi ófriði. Sumar lendur eru ekki einu sinni friðaðar heldur einungis hugmynd um að friða en samt er framkvæmdaleyfi ekki veitt. Fornleifaskráning hefur farið fram hjá mörgum sveitafélögum, en nýlega hefur Minjastofnun krafist frekari gagna um áður skráðar fornminjar. Það er engu líkara að fornminjar breytast ár frá ári. Sum sveitarfélög hafa ekki bolmagn til að hefja forleifaskráningu og því hefur sá kostnaður verið færður á landeigenda. Sveitarfélagið telur sig varnalaust og kúgar þegna sína fyrir nokkuð sem sveitarfélagið átti að gera sjálft. Þetta er viðkvæmt mál því Samband íslenskra sveitarfélaga, Minjastofnun og íslenska ríkið benda hvert á annað og brýn þörf er á úrlausn. Sú úrlausn má þó ekki koma niður á ábúendum og eigendum jarða þar sem það voru forverar fyrri alda sem skildu eftir sig mögulega söguleg og einstök ummerki í umhverfinu, en ekki þeir sem ný yrkja eða nýta jörðina. Stjórn LSE hvetur til úrlausna. Einnig eru dæmi um að ætlun sé að hefja skógrækt á ræktarlandi, svo sem á úr sér vöxnum túnum, þá er því hafnað með þeim rökum að um sé að ræða ræktarland, þrátt fyrir að túnið sé óhæft til ræktunar. Þetta gengur ekki. Það er í hrópandi ósamræmi við marmiðin um sjálfbærni að synja landeigendum um framkvæmdaleyfi til skógræktar. Það sama á við um stærðartakmarkanirnar. Land sem hentar til skógræktar á 200 hektara svæði eða stærra er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun þyrfti að hafa verkfæri til að flýta slíkum málum svo hefja mætti skógrækt hið fyrsta. Það ætti að vera kappsmál allra sveitarfélaga að veita leyfin sem fyrst og sem ódýrast. Fyrir sveitarfélög, landeigendur, stofnanir og landsmenn alla ætti þessi nefnd að beita sér af öllum mætti fyrir því greiða fyrir vegferð þeirra sem vilja hefja skógrækt. Skýrari línur sem myndu auðvelda veitingu framkvæmdaleyfa væru góður hvati til sjálfbærni í annars harðbýlu landi.

6. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið úr sautján markmið til að samfélög okkar mannanna geti verið sem sjálfbærust og mannúðlegust. **Skógrækt tikkar í öll boxin**, ef svo má segja. Hér á eftir er upptalning á hverju markmiði fyrir sig og stutt, en ekki tæmandi, útlistun á tengingu við nytjaskógrækt og möguleika hennar á Íslandi.

- 1) **Engin fátækt**- Skógrækt skapar auðlind, sem mun skipta sköpum fyrir næstu kynslóðir.
- 2) **Ekkert hungur**- Takmörkun á gjöfulu ræktarlandi markast af landþekju gróðurs og skóga.
- 3) **Heilsa og vellíðan**- Mannfólk sækir í heilnæmt umhverfi. Skógarlandslag er heilnæmt umhverfi.
- 4) **Menntun fyrir alla**- Skógar veita arð til fólks sem nota má til mennta.
- 5) **Jafnrétti kynjanna**- Bein sem óbein störf af skógrækt eru ekki kynbundin.
- 6) **Hreint vatn og hreinlætisaðstaða**- Skógar hreinsa grunnvatn og hægja á rennsli þess til sjávar.
- 7) **Sjálfbær orka**- Skógar ljóstillífa og binda orku í viðnum.
- 8) **Góð atvinna og hagvöxtur**- Skógrækt er heilnæm. Skógur er stækkandi auðlind hagvaxtar.
- 9) **Nýsköpun og uppbygging**- Nýsköpun fylgir vaxandi auðlind og uppbygging fellst í sjálfbærni.
- 10) **Aukinn jöfnuður**- Skógrækt byggir upp atvinnu í dreifðari byggðum landsins.
- 11) **Sjálfbærar borgir og samfélög**- Borgarskógrækt felur í sér fleiri tækifæri en ógnanir.
- 12) **Ábyrg neysla og framleiðsla**- Nytjar í og við skóga yrðu heimaræktaðar í stað aðfluttra.
- 13) **Aðgerðir í loftslagsmálum**- Skógrækt er mótvægisáðgerð við mengun.
- 14) **Líf í vatni**- Næringarefni úr skógum fylgja straumvatni til vatna og sjávar.
- 15) **Líf á landi**- Eyðimerkur Íslands öðlast líf, ofan sem neðan yfirborðs.
- 16) **Friður og réttlæti**- Það er réttlætismál gagnvart lífi á jörðinni að rækta skóg.
- 17) **Samvinna um markmiðin**- Aukin tækifæri um þekkingarmiðlun milli landa með auknum jöfnuði.

Með kveðju og þökk fyrir tækifærið að fá að veita málinu umsógn

Hlynur Gauti Sigurðsson

Framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda.
Sent á umsagnarvef Skógræktarinnar 14.júní 2021